

nú liggur fyrir, að leyfa að greiða gjald þetta úr landssjóði, en að það með þessu brjefi **65** er leyft beiðandanum, að stefna máli því, sem hann kynni að ráðast í að höfða gegn **28. febr.** landssjóði út af þessu, á hendur landshöfðingjanum.

Það hefir komið í ljós í þessu máli, að við meðferð frumvarpsins til fjárlaga fyrir 1880 og 1881 á alþingi hefir sú villa á orðið, að þá er frumvarpið var sent frá neðri deild til efri deildar, hafði gleymzt að taka upp í það nýja grein, sem neðri deild hafði samþykkt við 3. umræðu, en með þeirri grein var Ólafi lækni Sigvaldasyni veitt þessi 1125 kr. upphæð; í efri deild var frumvarpið samþykkt óbreytt í þeirri mynd, sem forseti neðri deildar sendi það í, og hefir það þannig í rauninni verið samþykkt í sinni mynd í hvorri þingdeildinni um sig. Ráðgjafinn er nú samdóma yður í því, að þetta hafi engin áhrif á gildi fjárlagaganna fyrir 1880 og 1881, sem út komu 4. nóvbr. f. á.; en út af tilefni því, sem mál þetta þannig gefur til þess, lætur ráðgjafinn eigi hjá líða að vekja athygli yðar, herra landshöfðingi, á því, hve nauðsynlegt er, að þá er lagafrumvörpin eru send ráðgjafanum, þá sjeu jafnframt lagðar fram fyrir hann allar umræður, sem á alþingi hafa gjörzt um þau.

— **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um endurbygging og flutning á 66**
Dvergasteinskirkju. — Stiptsyfirvöldin hafa með brjefi 24. f. m. sent mjer erindi frá **7. marz** hinum setta presti á Dvergasteini síra Jóni Bjarnasyni, þar er hann sækir um 6000 kr. lán af viðlagasjóði til að reisa nýja kirkju á Vestdalseyri í stað kirkju þeirrar, er nú er á Dvergasteini, þannig að vextir og höfuðstóll lánsins verði borgað af tekjum kirkjunnar. Stiptsyfirvöldin hafa nú tekið fram, að nauðsyn beri til að reisa nýja kirkju, bæði fyrir þá sök, að kirkja sú, sem nú er, sje mjög hrörleg, og sakir þess, að hún sje orðin allt of lítil, með því að mjög hafi fjölgað fólki í söfnuðinum hin síðustu ár, og með því að kirkjan nú sje mjög óhentuglega sett, þá sje og þörf á að flytja hana á annan stað betur hentan; þau hafa því mælt með beiðni þessari, þó svo að eins, að lánið fari ekki fram úr 3—4000 krónum, og að prestur sá, er hlut á að máli, gefi út skuldbindingarskjal prestakallsins vegna fyrir upphæð þessari. Þá hefir og herra biskupinn tjáð mjer um flutning kirkjunnar, að hjeradsfundur Suðurmúlaprófastsdæmis hafi fallið á hann, og hefir biskupinn mælt með, að flutningurinn verði leyður, þó með því skilyrði, að fengin verði formleg heimild fyrir hinu nýja kirkjustæði af hendi lóðareigandans, og er gjört ráð fyrir, að lóðin undir kirkjuna fáið ókeypis.

Út af þessu vil jeg nú tjá stiptsyfirvöldunum til þóknanlegar leiðbeiningar, og svo að þau kunngjöri þeim það, er hlut á að máli, að Dvergasteinsprestakalli muni veitt lán úr viðlagasjóði, 4000 kr. að upphæð, til að reisa nýja kirkju fyrir tjeðan söfnuð, með því skilyrði, að lánið ávaxtist og endurborgist með 6% árlega af upprunalegri upphæð þess í 28 ár. Sömu leiðis fellst jeg á tillögur biskupsins um, að kirkjan verði flutt frá Dvergasteini til Vestdalseyrar, þegar hentug lóð er fengin á fulltryggjandi hátt.

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamdaminu um 67**
sjerstakt manntalsþing fyrir Þingvallahrepp. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amt- **14. marz** maður, í þóknanlegu brjefi frá 11. þ. m. samþykkist, að Þingvallahreppur í Árnessýslu verði sjerstök manntalsþinghá með þingstað á Þingvöllum, og er þetta samþykki mitt bundið því skilyrði, að hreppsnefnd Þingvallahrepps sjái um, að hæfilegt þinghús verði

67 til á hinum ákveðna þingstað i hreppnum. Með þessu bræfi er engin breyting gjörð á 14. marz takmörkum Stóruborgar þingsóknar sem dómþinghár.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt-
ingar.

68 — Brjef landshöfðingja til biskups um sameining Hjaltabakka og Þingeyrar-
24. marz brauða, — Af bræfi yðar, herra biskup, frá í dag og skjali því, er þessu bræfi fylgir, sjest, að presturinn á Höskuldsstöðum, síra Eggert Briem, hafi einkum heilsunnar vegna skorast undan að taka við Holtastadasókn með því 200 kr. eptirgjaldi, sem ákveðið er með 3. grein laga 4. nóvbr. 1881, en að aptur á móti hinn núverandi prestur að Hjaltabakka og Holtastöðum hafi tjáð sig fúsan til að taka að sjer Þingeyrarklausturssóknina í stað Holtastadasóknar gegn 300 kr. eptirgjaldi.

Samkvæmt því, er þannig hefir komið fram, er jeg yður samdóma um, að nú megi sameina Þingeyraklausturssókn við Hjaltabakkasókn, og að Holtastadasókn verði fyrst um sinn þjónað af öðrum hvorum nábuaprestanna gegn þóknun samkvæmt 4. gr. hinna almennu launalaga 15. október 1875 eða analögu þessarar lagaákvörðunar, og býst jeg við, að þóknun þessi verði ákveðin svo, að það 200 kr. eptirgjald í landssjóð, er getur um í nefndri lagagrein, að skuli greiðast í landssjóð, þegar Holtastadasókn er lögð frá Hjaltabakkaprestakalli til Höskuldsstaða, verði galdið fyrir fram af preststekjunum af Holtastadasókn.

Þetta er tjáð yður, herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

69 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um
25. marz verkfröðing til að stjórna vegagjörð. — Í þóknanlegu bræfi frá 2. p. m. mælið þjer, herra amtmaður, fram með beiðni sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um, að annar af þeim 2 verkfröðum mönnum, er hann gjörir ráð fyrir að hafi samkvæmt athugasemdum fjárlaga nefndarinnar í neðri deild alþingis verið fengnir til að segja fyrir um vegagjörðir hjer á landi, verði látinn standa fyrir hinni fyrirhuguðu vegagjörð á Vaðlaheiði.

Fyrir því, vil jeg tjá yður, að þó jeg sje á því, að það væri æskilegt, að verkfröðir menn fengjust til að standa fyrir vegagjörðum hjer á landi, hefi jeg af tilliti til þess kostnaðar, sem slík ráðstöfun myndi hafa í för með sjer, álitid það rjettast að fresta ákvörðun í þessa átt, þangað til ákveðnar tillögur lægu fyrir um störf þau, er menn óskuðu að fela slíkum verkfröðingum.

Hvað sjerilagi snertir veginn yfir Vaðlaheiði, þá þykir mjer líklegt, að kostnaðurinn við að ráða frá útlöndum forstöðumann fyrir þessu verki muni einn verða hátt upp í þá upphæð, 2000 kr., er með bræfi mínu frá 6. febr. þ. á. hefir verið lögð til að kosta tjeðan veg að öllu leyti, og með því, að jeg gjöri ráð fyrir, að hin nefnda upphæð sje hin minnsta, sem með þarf til að gjöra veg þennan nokkurn veginn færan; en jeg ekki get lagt honum meira fje í ár, en til tekið er, — sje jeg mjer ekki fært sem stendur að taka beiðni sýslumannsins til greina, en vil skora á yður, herra amtmaður, og amtsráð það, er þjer eruð oddviti fyrir, að ihuga, þegar þjer semjið tillögur yðar um vegagjörðir í norður- og austurumdæminu næsta ár, hvort mögulegt sje að verja nokkru af því fje, sem þá mun verða fyrir hendi til að ráða næsta ár verkfröðan mann til að segja fyrir um vegagjörðir í amtinu sumarið þar á eptir.